Þú færð 40% launahækkun á þessu ári!

107% verðbólga
Laun allra landsmanna hækka um 40% á þessu ári. Því miður er það ekki vegna hærri tekna þjóðarinnar, heldur vegna verðbólgunnar, og kjarabótin því engin! Ef gengið verður að einum þriðja hluta af kröfum yfirmanna á farskipum, og aðrir launþegar fá sambærilega hækkun, verður verðbólgan 107% í maí á næsta ári.

Tuttugu á viku
Lágar tölur um skráð atvinnuleysi segja okkur ekki allan sannleikann um ástandið í landinu. Landflótti fullhraustra manna og kvenna segir líka sína sögu. Tuttugu íslendingar flytjast í hverri viku til útlanda umfram aðflutta. Þetta jafngildir því, að allir íbúar á Höfn í Hornafirði flyttust á brott á rúmlega einu ári.

Ríkið hirðir helminginn
Það er ljóst að launafólk hefur ekkert gagn af launahækkunum, sem eru jafnharðan teknar af þeim aftur. Slíkt leiðir aðeins til aukinnar verðbólgu. Laun geta ekki hækkað meira en tekjur þjóðarinnar í heild, og allra síst þegar ríkið sjálft tekur til sín næstum helming þeirra. Ekki bætir það úr skák að nýleg hækkun á innkaupsverði olíu mun kosta 30 þúsund milljónir á ári.



Hvað getum við gert?
Við viljum stöðva verðbólguna, efla heilbrigt atvinnulíf, og auka tekjur þjóðarinnar svo að grunnlaun geti hækkað. Þess vegna þurfa allir landsmenn að taka höndum saman um stöðugleika í atvinnulífinu, – annars dragast þjóðartekjurnar saman og lífskjör okkar allra halda áfram að versna.

Á síðastliðnu ári hækkuðu erlendar skuldir íslendinga um 11 milljónir á hverri klukkustund.
Á meðan þú last þessa auglýsingu jukust því erlendar skuldir um 400 þúsund krónur!

V S Í

Um pólitískar auglýsingar

Pólitískar auglýsingar og svonefndar skoðanaauglýsingar eru tiltölulega nýtt fyrirbæri í íslenskri fjölmiðlun. Dálítill smjörþefur fékkst þó af þeim fyrir síðustu kosningar og ritstjórar fáeinna blaða lentu þá í þeirri aðstöðu að þurfa að taka afstöðu til þess hvort þeir vildu auglýsingar af þessu tagi eða ekki. Ef mig misminnir ekki þá neituðu ritstjórar Morgunblaðsins auglýsingu frá öðrum stjórnmálaflokki meðan ritstjóri Dagblaðsins birti slíka auglýsingu.



Fjölmiðlun
eftir Björn Vigni Sigurpálsson

Í sumar birti hins vegar Morgunblaðið auglýsingu frá Vinnuveitendasambandinu um skoðanir þess á verðbólgunni. Hið sama gerði reyndar Þjóðviljinn en með greinilegu samviskubiti, því að með henni var látin fylgja pólitísk útlegging á forsíðu blaðsins.

Þetta misræmi varðandi birtingu á pólitískum auglýsingum og skoðanaauglýsingum hér á landi endurspeglar að sumu leyti vandamál, sem ritstjórar blaða í ýmsum nágrannalöndum okkar hafa lengi mátt glíma við. Þar eru yfirleitt þrjú megin sjónarmið uppi varðandi pólitískar auglýsingar og skoðanaauglýsingar.

Í fyrsta lagi eru þar til margir talsmenn þess að einnig á auglýsingasíðum ríki sem mest frjálsræði til skoðanaskipta svo fremi að auglýsingar uppfylli venjulegar kröfur um almennt siðgæði og séu málefnalegar. Í öðru lagi er svo það sjónarmið að blöð skuli fara sér hægt í birtingu skoðanaauglýsinga og því haldið fram að skoðanaskipti eigi að fara fram á venjulegum frétta- og greinasíðum blaðanna. Þriðja sjónarmiðið er svo eins konar millivegur, þar sem menn vilja hafa visst frjálsræði í þessum efnum á auglýsingasíðum blaðanna en vilja gera strangar kröfur um málefnalegan málflutning í þessum auglýsingum í þá veru að í þeim felist aðeins staðreyndir og óumdeildar upplýsingar.

Víðast hvar í nágrannalöndunum hafa iðið fram töluverðar umræður í blaðamannastétt um öll þessi sjónarmið en oftast hefur niðurstaðan orðið sú að ritstjórum einstakra blaða er látið eftir að móta afstöðuna til pólitískra auglýsinga í hverju tilfelli fyrir sig. Ýmsir ritstjórar hafa þó viljað að blaðamannastéttin sjálf setti sér í heild ákveðnar starfsreglur varðandi þessar auglýsingar og sú hefur m.a. orðið niðurstaðan í Svíþjóð.

Þar var sett á laggirnar sérstök samstarfsnefnd til að setja ákveðnar reglur á þessu sviði. Niðurstaða hennar varð sú að blöðin skyldu taka pólitískar auglýsingar frá stjórnmálaflokkum og skoðanaauglýsingar frá hagsmunasamtökum atvinnuveganna í því formi sem beðið væri um þær en þess aðeins gætt að í þeim fælust ekki persónuárásir af neinu tagi. Hins vegar skyldi blöðunum vera heimilt að stöðva slíkar auglýsingar ef þær flæddu yfir í þeim mæli að ritstjórar blaðanna teldu hættu á að þær röskuðu öllu yfirbragði og einkennum viðkomandi blaða. Þá skyldu blöðin vera reiðubúin að verja rúmi undir athugasemdir eða leiðréttingar við staðhæfingar í slíkum pólitískum auglýsingum. Þessar reglur Svianna eru sagðar hafa gefið mjög góða raun, þannig að vandamálið pólitískar auglýsingar er þar sagt vera úr sögunni. Norðmenn munu einnig vera að marka svipaða stefnu eftir því sem næst verður komist.

Annars staðar halda sjónarmiðin áfram að stangast á. Gott dæmi um það eru mismunandi viðhorf tveggja stórblaða til pólitískra auglýsinga — Neue Zuricher Zeitung og The Guardian. Hið fyrrnefnda hefur haldið því fram í forystugrein að blað geti ekki tekið heilsíðu skoðanaauglýsingar frá einstaklingum, samtökum eða ríkisstjórnum aðeins vegna þess að þessir aðilar ráði yfir fjármunum til að koma skoðunum sínum á framfæri og geti þar af leiðandi háð í blaðinu auglýsingastríð, sem kann að vera í algjörri andstöðu við grundvallarstefnu blaðsins.

Forsvarsmenn The Guardian eru hins vegar algjörlega á öndverðri skoðun. Þeir hafa opnað auglýsingasíður sínar fyrir pólitískum auglýsingum. Þeir segja að eina hugsanlega ástæðan fyrir því að vísa pólitískum auglýsingum frá sé sú að aðeins þeir sem ráði yfir miklum fjármunum hafi aðstöðu til að koma skoðunum sínum á framfæri í auglýsingum. Þetta atriði beri jafnan að hafa í huga en það geti ekki skipt sköpum um að birta slíkra auglýsinga eða ekki. Allt efni sem komið hafi fyrir í pólitískum auglýsingum í blaðinu, svo sem apartheitstefnan í S-Afríku, Víetnammálið og EBE-deilan hafi verið tekið fyrir á frétta- og greinasíðum blaðsins og krufin þar rækilega. Blaðið hafi þar með gefið lesendum sínum hlutlæga mynd af þessum vandamálum og þeir verði þar af leiðandi naumast afvegaleiddir af einhliða áróðri á auglýsingasíðunum.

Minningarorð um síðustu sýningu FÍM

Ekki veit ég hvernig áhugamönnum um myndlist hefur verið innan brjósts þegar þeir litu augum síðustu sýningu FÍM, Félags íslenskra myndlistarmanna. Hvað varðar sjálfan mig, leið mér líkt og væri ég viðstaddur minningarguðsþjónustu. Því er eins varið með þá sem ég hef rætt við og sáu sýninguna, þeim fannst að komið væri helst til mikið haust í hana. Ber hún því kannski nafn með rentu. Fallin eru flest þau lauf sem fyrrum prýddu hana.



Myndlist
eftir Halldór Björn Runólfsson

Hér verður engin úttekt gerð á þessari síðustu sýningu og það er síður en svo að ég álasi aðstandendum hennar. Margt gott var þarna til sýnis, jafnvel gullkorn innan um og saman við. Hinu verður þó ekki hnikað að verðug viðleitni góðra manna nægði ekki til að bjarga heildinni. Í fáum orðum sagt gaf sýningin enga raunhæfa mynd af því sem er að gerast í íslenskri list. Til hvers er þá leikurinn gerður?

Það er greinilegt að undanfarin ár hefur Haustsýningunni verið að hraka. Stór hópur listamanna veigrar sér við að senda inn verk og hefur sá hópur stækkað ár frá ári. Nú er svo komið að heilar kynslóðir vantar á sýninguna og vissar mikilvægar stefnur fyrirfinnast þar ekki. Í stað þess að setjast á rökstóla og spyrja sig hvað valdi, láta forráðamenn félagsins sem ekkert hafi í skorist. Þeir halda áfram að tjasla saman sýningum sem rúnar eru öllum fyrri tilgangi og gefa þannig fólki alranga mynd af því sem er á döfinni í íslenskri myndlist. Því er sá kostur betri að sýna ekki.

Best er þó að menn setjist niður og skipuleggi upp á nýtt

„ÞAÐ VERÐUR SKAUP"

„Þetta hefur oft staðið tæpara en núna", sagði Tage Ammendrup, þegar Helgarpósturinn spurði hann hvernig gengi við undirbúning áramótaskaupsins. Hann ásamt Birni Björnssyni hafa verið fengnir til að sjá um skaupið að þessu sinni, og eru að hefja undirbúning.

„Þetta er alltsaman á algjöru frumstigi", sagði Tage. „Það sem erfiðast er viðureignar eru kosningarnar, en þeirra vegna er stúdíóið uppekið langtímum saman. Við erum að hafa samband við hóp af fólki til að skrifa fyrir okkur, en höfum ekki myndað neina grind að þættinum ennþá".

„En það verður skaup, það er ekkert vafamál", sagði Tage að lokum.

— GA

Sýning gullsmiða:

Gripir fyrir 80 milljónir



Geysileg aðsókn hefur verið að sýningu Félags íslenskra gullsmiða í Bogasal Þjóðminjasafnsins. Sýningunni lýkur á sunnudagskvöld, eftir að hafa verið opin í rúmlega viku. Síðastliðinn sunnudag komu rúmlega eitt þúsund gestir á sýninguna.

Gripir að verðmæti 80 milljónir króna eru á sýningunni enda er salurinn vaktaður allan sólarhringinn af öryggisvörðum, að sögn Sigmars Maríussonar, gullsmiðs.

„Þetta er gott og öruggt húsnæði", sagði Sigmar, „og því höfum við nú ekki mjög miklar áhyggjur af þessum gripum. Þetta er þar að auki vel tryggt.

— GA

Á FERÐ UM SKUGGADALI

Leikfélag Akureyrar: Fyrsta öngstræti til hægri.
Höfundur: Örn Bjarnason.
Leikstjórn: Þorunn Sigurðardóttir.
Leikmynd: Sigurjón Jóhannsson.
Lýsing: Ingvar B. Björnsson.



Leiklist
eftir Reyni Antonsson

Það er ekki á hverjum degi að frumflutt er á Akureyri nýtt íslenskt leikrit. Þetta gerðist þó þann annan nóvember síðastliðinn, þegar púðurskot frá ævagamalli fallbyssu boðuðu fólk til frumsýningar á nýju leikriti, „Fyrsta Öngstræti til hægri", eftir 31 árs gamlan Akureyring Örn Bjarnason. Þetta er ekki í fyrsta sinn sem fallbyssuskot eru notuð til að boða Akureyringa til leiksýninga. Það var gert fyrir 102 árum, þegar Útilegumenn Matthíasar Jochumssonar voru í fyrsta sinn sýndir á Akureyri. Og nú hefur þessi skemmtilegi siður verið endurvakinn á ný.

Í „Fyrsta öngstræti til hægri", tekur Örn Bjarnason okkur með sér í ferð um skuggadali mannlegs lífs. Við fylgjumst með raunasögu Maríu, ungrar stúlku úr dæmigerðu íslensku sjávarplássi. Fjölskylda hennar er um margt lík hinni venjulegu íslensku kjarnafjölskyldu. Faðirinn er ósköp meinhægur og afskiptalítill, móðirin hefur fyrir löngu gefist upp og leitað á náðir róandi lyfja eins og valíums. María er orðin leið á skólanum, sem hún er ekki lengur í vegna menntunarlöngunar hennar sjálfrar, heldur metnaðar og peningagræðgi foreldranna. Hún þráir mannleg samskipti og hlýju, sem hún ekki finnur í þessu kaldranalega umhverfi neysluþjóðfélagsins. Hún leitar þeirra hjá bróður sínum, drykkfeldum og svolalegum sjóara, manngerð sem við öll þekkjum, og það er hugsanlega í þessu skyni sem hún tekur að fikta við flöskuna, sem hún þó í fyrstu hefur hina megnustu óbeit á. Þessi tilraun hennar er þó frá upphafi dæmd til að mistakast og *eftir harmleikinn heima hjá* henni, sem fram fer við undirleik Óskalaga sjómanna heldur hún til Reykjavíkur á vit örlaga sinna. Hún gengur götur sem allar reynast Öngstræti, kynnist Strætinu, misnotkun áfengis og lyfja, kynvillu og mistækum stofnunum.

Vandamál þau sem fylgja misnotkun áfengis og annarra vímugjafa ganga eins og rauður þráður í gegnum leikritið „Fyrsta öngstræti til hægri", en reynt er að taka á þessum vanda með nokkuð öðrum hætti en vanalegast er. Reynt er að sýna þetta vandamál, ekki sem orsök eins og vanalegast er, heldur afleiðingu, afleiðingu hins ómanneskjulega, véllræna tæknisamfélags. Diskóatriðið í upphafi verksins gefur þennan boðskap glögglega til kynna strax í byrjun.



Fyrsta Öngstræti til hægri er fyrsta sviðsverk Arnar Bjarnasonar, en áður hefur hann sent frá sér bókina Biðstöð 13 og samnefnt útvarpsleikrit og er þar fjallað um sama efnið, vandamál alkóhólista, en höfundur er þessum málum þaulkunnugur þar sem hann hefur um nokkur undanfarin ár starfað á skrifstofu S.Á.Á. í Reykjavík. Fyrsta öngstræti til hægri er um margt athyglisvert leikhúsverk, þó að í því séu ýmsir byrjendagallar svo sem vonlegt er. Þannig virðist höfundur nokkuð tvístíga milli þess hvort hann eigi að lýsa sálarlífi persónanna, eða predika boðskap S.Á.Á. Honum tekst vel að byggja upp dramatíska spennu í fyrri hluta leikritsins og á lýsing Ingvars B. Björnssonar ekki hvað síst þátt í því, til dæmis í brjálæðisköstum Maríu. Minna sum atriðin dálítið á einskonar „sálfræðilegan þriller", í stíl Hitchcocks. Þessi spenna dettur einhverveginn niður í síðari hlutanum. Atriðin verða sum hver alltof stutt og sundurlaus. Þannig kemur það aldrei fyllilega í ljós *hvernig síðari flótta Maríu* að heiman ber að höndum, þó áhorfendanum sé ætlað að geta sér þess til að hið lesbíska samband hennar og Önnu vinkonu hennar úr Strætinu eigi þar nokkurn þátt í. Allavegana virðist það verða yfirsterkari ást hennar til Péturs, metnaðargjarna gáfnaljóssins sem farið hafði yfirum vegna ofreynslu við próflestur. Einnig kemur að aldrei fyllilega í ljós hvers vegna Anna er komin svo langt niður í svaðið að hennar eina útgönguleið er Dauðinn. Ef til vill er Anna táknmynd þeirrar bölsýni sem einkennir allan leikinn og verður til þess að maður gengur ósjálfrátt fullur þunglyndis út af sýningunni spyrjandi sjálfan sig hvort mannlífið sé í